

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. apríl 2022
Málsnúmer: 202204-0003
SS

Efni: Umsögn um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Fláskarðskrika í sunnanverðum Faxaflóa

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 1. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf, dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir skammtímaleyfi til töku á allt að 10.000 rúmmetrum af skeljasandi úr námunni við Fláskarðskrika við Syðra Hraun í sunnanverðum Faxaflóa.

Björgun hefur unnið efni úr námunni um árabíl sbr. leyfi Orkustofnunar frá 2009, en gildistíma þess lauk í júní 2021. Álit Skipulagsstofnunar vegna matsskýrslu efnistöku Björgunar í Faxaflóa liggur fyrir frá apríl 2009. Björgun hefur þegar sótt um langtímaleyfi til efnistöku úr Fláskarðskrika en óskar eftir tímabundnu leyfi meðan afgreiðsla umsóknar um langtímaleyfið er í gangi.

Náman í Fláskarðskrika er ein helsta uppspretta skeljasands hér á landi, hefur verið notuð um langt skeið og telst mikilvæg því setið þar er kalkríkt og er m.a. notað sem íblöndunarefni í fóður og áburð. Svæðið er nú þegar mjög raskað. Í áliti Skipulagsstofnunar frá 2009 kemur fram að botndýralíf við Syðra Hraun var metið með fremur lítið verndargildi en ljóst er að efnistakan veldur miklu raski á búsvæðum botndýra. Endurnýjun sets er þó hröð á svæðinu vegna náttúrulega setflutninga.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að skammtímaleyfið sé veitt. Um frekar litla efnistöku á þegar röskuðu svæði er að ræða. Hins vegar er mikilvægt að stefnt sé að því að framkvæma nýtt mat á umhverfisáhrifum, með nýjum rannsóknum á áhrifum efnistöku í Faxaflóa á lífríki og fleiri umhverfisþætti, áður en langtímaleyfi eru veitt. Í áliti Skipulagsstofnunar frá 2009 kom fram að þekkingu skorti á vistfræði efnistökusvæða í sunnanverðum Faxaflóa. Mikilvægt er að bætt sér úr því ef ekki hefur verið gert nú þegar og að byggt sé á bestu vitneskju um möguleg áhrif efnistökkunnar á lífríki Faxaflóa.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands

